

Fimmtudaginn 7. júní 1973.

Nr. 124/1972: **Sigurjón Þorsteinsson**
 (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Akraneskaupstað og gagnsök
 (Árni Guðjónsson hrl.)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögheimili.

Dómur Hæstaréttar:

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. október 1972. Krefst hann þess, að lögheimili hans frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971 verði talið í Strandarhreppi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, aðallega að Eystra-Miðfelli í þeim hreppi, en til vara í „Hvalveiðistöðinni á Miðsandi“, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1972. Krefst hann þess aðallega, „að lögheimili aðaláfrýjanda verði talið á Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968“. Til vara er þess krafizt, „að lögheimili aðaláfrýjanda verði talið að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971.“ Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Kröfur aðilja í máli þessu hafa verið hvarflandi um afmörkun úrskurðarefnis, að því er varðar það tímabil, sem úrskurðurinn um heimilisfesti aðaláfrýjanda skyldi taka til. Héraðsdómari hefur einskorðað rannsókn sína við tímabilið frá 1. desember 1968 og fram til 1. desember 1971. Var það rétt, svo sem kröfur horfðu við honum.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísun til rökstuðnings hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður sakadóms Akraness 10. júlí 1972.

Með bréfi Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, Akranesi, dags. 9. janúar 1970 til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu krefst hann þess f. h. Sigurjóns Þorsteinssonar, þá talins til heimilis að Eystra-Miðfelli í Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu, að sýslumaður kveði upp úrskurð um heimilisfang hans 1. desember 1968 samkvæmt 14. gr. laga nr. 35/1960, en Sigurjón hafði verið með breytingaskrá Hagstofu Íslands, útgefinni 1. apríl 1969, tekinn út af íbúaskrá Strandarhrepps og settur á íbúaskrá Akraneskaupstaðar miðað við 1. desember 1968. Var þess jafnframt krafizt, að heimilisfesti Sigurjóns væri úrskurðuð í Strandarhreppi 1968.

Málið var tekið fyrir í sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. febrúar 1970. Hófst þá rannsókn í máli þessu, og lögð voru fram ýmis gögn í málinu, og tekin var skýrsla af sóknaraðilja, Sigurjóni Þorsteinssyni. Úrskurði var þó frestað, þar sem eigi hafði verið leitað umsagnar bæjarstjórnar Akraness í málinu.

Umsögn bæjarstjórnar á Akranesi, dags. 7. apríl 1971, var send sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með bréfi lögmanns Akraneskaupstaðar, dags. 10. maí 1971. Í bréfi þessu krefst lögmaðurinn þess f. h. bæjarstjórnar Akraness, að málinu verði vísað frá sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem Sigurjón Þorsteinsson hafi verið skráður í Þjóðskrá síðan 1. desember 1968 á Akranesi og af því leiði, að mál til ákvörðunar lögheimils hans beri að reka á Akranesi.

Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu féllst á þessa kröfu og sendi bæjarfógetanum á Akranesi gögn málsins og rannsókn með bréfi, dags. 29. júní 1971.

Rannsókn málsins hófst í sakadómi Akraness 14. september og hélt síðan áfram. Með bréfi dómarans, dags. 10. marz 1972, var málið aftur sent bæjarstjórnar á Akranesi til umsagnar vegna nýrrar og breyttrar kröfugerðar í málinu.

Eftir að umsögn bæjarstjórnar á Akranesi var lögð fram svo

og greinargerð aðilja, var málið tekið til úrskurðar 9. júní s.l. eftir munnlegan flutning málsins. .

Dómkröfur sóknaraðilja, Sigurjóns Þorsteinssonar, voru upphaflega þær, eins og að framan er rakið, að lögheimili hans væri úrskurðað að Eystra-Miðfelli í Strandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu miðað við 1. desember 1968.

Í greinargerð, dags. 8. desember 1971, af hans hálfu eru kröfur hans þær, að lögheimili hans verði dæmt Hvalveiðistöðin á Miðsandi í Strandarhreppi og að varnaraðilja, Akraneskaupstað, verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Í sakadómi Akraness 2. júní s. l. óskaði lögmaður sóknaraðilja bókaðar þær dómkröfur í málinu, að lögheimili sóknaraðilja frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971 verði ákveðið í Strandarhreppi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Í munnlegum flutningi málsins 9. júní s.l. orðaði lögmaður sóknaraðilja kröfur sínar þannig, að lögheimili sóknaraðilja í málinu frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971 verði úrskurðað í Strandarhreppi, *aðallega* að Eystra-Miðfelli, en *til vara* í Hvalveiðistöðinni á Miðsandi, og málskostnaðarkröfur hans voru þær sömu.

Í greinargerð af hálfu varnaraðilja, Akraneskaupstaðar, dags. 1. júní s.l., gerir hann þær kröfur að staðfest verði, að lögheimili Sigurjóns Þorsteinssonar sé að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968. Í munnlegum flutningi málsins var af hálfu varnaraðilja gerð sú nánari grein fyrir kröfu þessari, að í henni fælist krafa um úrskurð um lögheimili Sigurjóns til þess tíma, er úrskurður gengur, eða einnig fyrir árið 1972. En fram hefur komið í málinu, eins og síðar verður rakið, að sóknaraðili hefur tilkynnt flutning lögheimilis síns í nóvember 1971 að Hvalveiðistöðinni á Miðsandi í Strandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Til vara er þess krafizt af hálfu varnaraðilja, að lögheimili Sigurjóns verði úrskurðað að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971.

Þá er af hálfu varnaraðilja krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Sóknaraðili, Sigurjón Þorsteinsson, fæddur 11. júlí 1916, hefur lýst því yfir fyrir dómi, að hann hafi síðan 1945 átt með bróður sínum húseignina Sunnubraut 2, Akranesi, og hafi hann átt lögheimili þar þangað til á árinu 1956, að hann flutti lögheimili sitt að Eystra-Miðfelli í Strandarhreppi til Valgarðs Jónssonar bónda

þar. Kveðst sóknaraðili hafa flutt lögheimili sitt þangað til þess að tryggja sér örugga vinnu við sitt hæfi hjá Hvalveiðistöðinni hjá Hval h/f í Strandarhreppi, en þar hefur hann unnið í um 20 ár og í mörg ár við kyndistöð Hvals h/f. Allan þennan tíma kveðst hann hafa haft aðaltekjur sínar hjá fyrrnefndu félagi, sem starfar og á varnarþing í Strandarhreppi. Sóknaraðili kveðst þó hafa unnið á Akranesi um tvo mánuði á ári hverju og hafi hann, sem er ókvæntur, stundum dvalizt annars staðar en á lögheimili sínu, en þó aðeins skamma hríð. Hann sagðist hafa átt lögheimili deilulaust að Eystra-Miðfelli frá 1956 til 1968, en þá úrskurðaði Hagstofa Íslands, að lögheimili hans skyldi vera á Akranesi að Suðurgötu 36 miðað við 1. desember það ár. Sóknaraðili festi kaup á efri hæð húseignarinnar Suðurgötu 36, Akranesi, haustið 1966. Fljótlega leigði hann íbúð þessa Ástu Laufeyju Haraldsdóttur, sem sóknaraðili kvaðst hafa þekkt frá því að þau voru börn, hún alin upp á Reyni, en hann á næsta bæ, Kjaransstöðum í Innri-Akranesheppi, en þar dvaldist hann í 19 ár. Sóknaraðili kvaðst hafa áskilið sér leyfi til að dveljast í einu herbergi í íbúð sinni, þegar hann væri á Akranesi, en Ásta Laufey hafi rétt til afnota af herbergi hans, þegar hann væri langdvölum í burtu. Sóknaraðili hefur neitað því, að hann búi í óvígðri sambúð með Ástu Laufeyju eða að hún sé sambýliskona sín og þau hafi ekki sameiginlegt húshald. Hún greiði að vísu ekki fast gjald fyrir íbúðina, en hann kaupi stundum fæði af Ástu, er hann dveljist á Akranesi. Hann kvað Ástu kaupa í matinn fyrir sig og dreng sinn að öllu leyti á sinn kostnað, þó að það kunni að koma fyrir, að hann kaupi í matinn fyrir þau öll, er hann er staddur á Akranesi. Sóknaraðili kvað persónulega muni sína, svo sem fatnað, bækur og húsgögn, vera nokkuð dreifða. Hann hafi að sjálfsögðu haft með sér fatnað í vinnuskálann í Hvalveiðistöðinni, en þar er til staðar rúmstæði og skápar. Þá kvaðst hann eiga einhver húsgögn hjá bróður sínum að Sunnubraut 2. Og að Suðurgötu 36 sagðist hann eiga húsgögn, svo sem svefnsófa og einnig stofuhúsgögn, sem hann leigi Ástu Laufeyju. Hann sagðist ekki eiga nema lítið af munum að Eystra-Miðfelli, en þó eitthvað af bókum, en þar eigi hann frjálsan aðgang að herbergi og dvöl, hvenær sem hann vilji.

Vitnið Valgarður Lyngdal Jónsson, bóndi að Eystra-Miðfelli, Strandarhreppi, fæddur 14. nóvember 1916, kvaðst hafa unnið í Hvalveiðistöðinni í Hvalfirði á árunum 1949, 1950 og 1951, og ók hann þar bifreið. Þar vann þá einnig Sigurjón Þorsteinsson, sóknaraðili í máli þessu, og voru þeir herbergisfélagar. Sigurjón

vann sem sögunarmaður við beinasögina á stöðinni. Vitnið kvaðst vita, að Sigurjón bilaði eitthvað í baki og fékk því léttara starf hjá Hval h/f sem kyndari í ketilhúsinu og það starf muni hann hafa enn á hendi. Á þessum árum var Sigurjón búsettur á Akranesi og einnig vitnið, sem gerðist bóndi að Eystra-Miðfelli árið 1953. Vitnið kvað það hafa verið haustið 1956, að Sigurjón kom til þess og spurði, hvort hann mætti ekki skrifa lögheimili sitt hjá því að Eystra-Miðfelli. Kvað hann sér það nauðsynlegt, til þess að hann hefði forgangsrétt til vinnu hjá Hval h/f, en til þess að svo væri, yrði hann að vera búsettur í hreppnum og vera meðlimur í Verkalýðsfélaginu Herði, Hvalfirði. Vitnið sagðist hafa samþykkt þetta, og mun Sigurjón hafa tilkynnt oddvita um flutning á heimili sínu. Eftir þetta komu skattskýrslur og önnur plögg varðandi Sigurjón heim til vitnisins, að því er það minnti til ársins 1971. Vitnið kvaðst hafa sagt Sigurjóni, að hann væri hvenær sem er velkominn til sín til dvalar að Eystra-Miðfelli, en þetta hafi hann hins vegar lítið notað sér. Hann hafi þó á hverju ári gist einhverjar nætur og þá helzt um miðjan vetur. Sigurjón hafi þó komið mjög oft sem gestur og hafi það komið fyrir nokkrum sinnum, að hann hafi rétt þeim hjálparhönd við heyvinnu, slátrun o. fl. Vitnið kvað Sigurjón ekki hafa haft á leigu sérstakt frátekið herbergi á heimili vitnisins, en aðstöðu til að gista hvenær sem var. Hann hafi aldrei átt neitt verulegt af persónulegum munum að Eystra-Miðfelli, en þó kunni að vera, að hann eigi þar eitthvað af smámunum, svo sem myndir eða bækur.

Vitnið kvaðst vita, að Sigurjón hafi unnið undanfarin ár í Hvalveiðistöðinni frá því upp úr páskum á vorin og fram í desember. En auk þessa hafi hann farið í Hvalveiðistöðina, ef útskipun hefur verið á lýsi og mjöli.

Vitnið Ásta Laufey Haraldsdóttir kvaðst hafa flutzt í íbúð Sigurjóns Þorsteinssonar að Suðurgötu 36, Akranesi, haustið 1966, en þá hafi hún um árs skeið dvalizt á Selfossi. Hún sagðist hafa þekkt Sigurjón nokkuð áður, og er hún vissi, að hann hafði eignast þessa íbúð, hafi hún spurt hann, hvort hún gæti ekki fengið leigt hjá honum húsnæði. Hún sagðist hafa alla íbúðina á leigu, en hún er 3 herbergi og eldhús. Hún er með einn dreng með sér, 13 ára. Hún kvaðst ávallt vinna úti við ýmis störf. Vitnið neitaði því, að hún byggi í sambýli með Sigurjóni Þorsteinssyni. Hún kvaðst að vísu ekki greiða neitt fast gjald í leigu á íbúðinni, en hún annist íbúðina, hreinsi hana og hirði. Sigurjón hafi ávallt

áskilið sér rétt til að dveljast í herbergi í íbúðinni, þegar hann dveljist á Akranesi, og fái hann þá venjulega fæði hjá henni, ef aðstaða er til og hún ekki í vinnu. Vitnið kvað Sigurjón þó ekkert greiða fyrir fæðið.

Vitnið sagði, að Sigurjón eigi þarna í íbúðinni sófasett og sófaborð, svefnsófa svo og föt og ýmsa smámuni. Hún kvaðst mega nota stofuhúsgögnin jöfnum höndum, en hún eigi hins vegar nokkuð af húsgögnum.

Skulu nú rakin nokkur gögn, sem lögð hafa verið fram í máli þessu.

Vottorð Hagstofu Íslands, dags. 2. apríl 1970, er svohljóðandi: „Sigurjón Þorsteinsson, fæddur 11/7 1916, sem er ókvæntur, var á upphaflegri íbúaskrá 1/12 1968 með lögheimili að Eystra-Miðfelli, Strandarhreppi. Bæjarstjóri Akraness gerði í bréfi til Hagstofunnar, dags. 24/2 1969, þá athugasemd við íbúaskrá, að Sigurjón Þorsteinsson ætti að vera með skráð lögheimili að Suðurgötu 36, Akranesi. Segir í bréfinu: „Á hér íbúð, sem hann býr í, og hefur stundað atvinnu hér síðan í sumar, og óskast því lögheimili hans úrskurðað hér.“

Þessi krafa var send til umsagnar oddvita Strandarhrepps 10. marz 1969 og honum tilkynnt, að bærast ekki tafarlaust mótmæli við kröfu Akraness, yrði hún tekin til greina. Engin mótmæli eða annað barst frá oddvita Strandarhrepps, og var því Sigurjón Þorsteinsson tekinn út af íbúaskrá Strandarhrepps og settur á íbúaskrá Akraness miðað við 1. desember 1968. Voru þessar breytingaskrár gefnar út 1. apríl 1969. Meðferð máls þessa á Hagstofunni er í samræmi við 11. gr. laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu.“

Lagt hefur verið fram í dóminum ljósrit af ofangreindu bréfi eða fyrirspurn Hagstofu Íslands, dags. 10. marz 1969, til oddvita Strandarhrepps. Í bréfi þessu segir, að „svar við þessari fyrirspurn verður að vera komið í hendur Hagstofunnar í síðasta lagi 12 dögum eftir dagsetn. fyrirspurnarinnar. Er því nauðsynlegt að svara fyrirspurninni með símsk. eða símtali, ef ekki er nokkurn veginn öruggt, að bréfllegt svar hafi borizt Hagstofunni 12 dögum eftir dags. fyrirspurnar.“ Þá segir einnig í fyrirspurninni: „Sveitarstjórnir þær, sem hér eiga hlut að máli, krefjast þess, að eftirtaldir einstaklingar séu skráðir í sveitarfélögum þeirra 1/12 s.l., og verða kröfur þeirra teknar til greina, ef þeir fallist á þær eða láti hjá líða að mótmæla þeim tafarlaust, sjá nánar um frest efst á þessu blaði. Mótmæli verða að vera studd greinar-

gerð um málsatvik — ella kom þau ekki til álita. Hagstofan tekur ákvörðun í hverju slíku máli á grundvelli upplýsinga frá báðum sveitarfélögum og tilkynnir þeim síðan, í hvoru þeirra hlutaðeigandi skuli skráður 1. des. s.l.“

Upplýst er í málinu, að framangreind fyrirspurn Hagstofu Íslands var eigi send oddvita í ábyrgðarpósti.

Vitnið Guðmundur Brynjólfsson, Hrafnabjörgum í Strandarhreppi, oddviti hreppsins, hefur fyrir dómi staðhæft, að því hafi ekki borizt í ársbyrjun 1969 framangreind fyrirspurn Hagstofu Íslands og mótmæli bæjarstjórnar Akraness gegn því, að sóknaraðili ætti lögheimili að Eystra-Miðfelli. Það sé því rétt, að hann hafi sem oddviti engin mótmæli sett fram á þessum tíma gegn flutningi á heimilisfangi sóknaraðilja til Akraness. Vitnið vissi ekki um flutning á heimilisfangi sóknaraðilja, fyrr en því barst breytingaskrá frá Hagstofunni vorið 1969. Vitnið kvaðst þá hafa átt símtal við Ingimar Jónasson, deildarstjóra hjá Þjóðskránni, fyrst og fremst til þess að fá upplýst, hvers vegna heimilisfang sóknaraðilja var flutt til Akraness. Hafi þá meðal annars borizt í tal, að bréf frá Þjóðskránni mundi hafa glatazt. Vitnið kvaðst þó ekki hafa mótmælt flutningi á heimilisfangi sóknaraðilja þá, enda hafi það talið það þýðingarlaust, því að hér hafi verið um fullnaðarafgreiðslu að ræða í það sinn. Hins vegar sagðist vitnið hafa mótmælt flutningi á heimilisfangi sóknaraðilja, eins og fram kemur á vottorði vitnisins, dags. 4. desember 1971, sem hefur verið lagt fram í dóminum og er þannig: „Í sambandi við ágreining um lögheimili Sigurjóns Þorsteinssonar, starfsmanns Hvalveiðistöðvarinnar í Hvalfirði, vil ég upplýsa eftirfarandi:

1. Litlu eftir að mér barst íbúaskrá Hvalfjarðarstrandarhrepps 1. desember 1970 frá Hagstofu Íslands, sem ber með sér flutning nefnds Sigurjóns til Akraness, sendi ég Hagstofunni mótmæli gegn flutningi þessum ásamt flutningi annars einstaklings, þar sem ég vissi, að flutningur þessi var án vilja og vitundar nefndra einstaklinga.
2. Í nóvember s.l. tilkynnti Sigurjón Þorsteinsson flutning lögheimilis í Hvalstöðina, Miðsandi. Var tilkynning sú póstlögð til Hagstofunnar 13. nóvember s.l.“

Þá hefur verið lagt fram í dóminum vottorð oddvita Strandarhrepps, dags. 23. ágúst 1969, sem hann hefur staðfest fyrir dómi og er svohljóðandi: „Það vottast hér með, að hr. Sigurjón Þorsteinsson, sem verið hefir heimilisfastur í Hvalfjarðarstrandarhreppi undanfarin 13 ár, hefir ekki óskað eftir að flytja lögheimili

sitt héðan. Enda hefir hann öll þessi ár haft svo til alla atvinnu sína hér í hreppnum og hyggst halda starfi sínu hjá Hval h.f. framvegis. En mundi stofna atvinnuöryggi sínu í nokkra hættu með því að flytja héðan.“

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hvals h/f, dags. 27. ágúst 1969, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að hr. Sigurjón Þorsteinsson, Eystra-Miðfelli, Hvalfjarðarstrandarhreppi, hefur unnið hjá Hval h.f. síðastliðin 20 ár og hefur vinna hans hér verið hans aðalatvinna.

Sigurjón vinnur nú hjá oss eins og undanfarin ár, og hyggst hann starfa hér svo lengi sem heilsa hann leyfir og einhverja vinnu verður hér að hafa.“

Í bréfi Sigmars B. Ákasonar, verkstjóra hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. h/f, Akranesi, til sóknaraðilja (dómsskj. nr. 11), dags. 15. desember 1971, segir:

„Það vottast hér með, að samkvæmt kröfu Verkalýðs- og Sjómannafélags Akraness voruð þér látinn hætta störfum í frystihúsi Haraldar Böðvarssonar & Co. h/f hinn 15. janúar 1969, en hófuð aftur störf hér hinn 25. febrúar sama ár.

Ástæðan fyrir þessu var sú, að þér voruð ekki skráður félagi í áðurnefndu félagi, og atvinnuástand var þannig á áðurnefndu tímabili, að löglegir félagar þess voru atvinnulausir.

Undirrituðum var tjáð, að þér væruð skráður félagi í verkalýðsfélagi á Hvalfjarðarströnd.“

Loks hafa verið lögð fram í dóminum skattframtöl sóknaraðilja í 5 ár, eða árin 1967 til 1971 incl., svo og lög Verkalýðsfélagsins Harðar, Hvalfirði.

Sóknaraðili hefur rökstutt kröfur sínar með því, að hann hafi haft sína aðalatvinnu hjá Hval h/f á Miðsandi í Strandarhreppi síðan 1949. Hann hafi dvalizt þar við vinnu sína í 7 til 9 mánuði á ári og haft í Strandarhreppi meira en $\frac{2}{3}$ hluta af árstekjum sínum. Fyrst í stað taldi hann sig eiga heima á Akranesi, en árið 1956 flutti hann heimilisfang sitt að Eystra-Miðfelli til vinnufélaga síns Valgarðs Jónssonar. En eftir sem áður var raunverulegt heimili hans í Hvalveiðistöðinni, þar sem hann dvaldist eins og fyrr segir, meiri hluta ársins og svaf og borðaði. Hér eigi því beint við 3. og 4. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, sem taki af öll tvímæli um það, að sóknaraðili hafi átt lögheimili í Strandarhreppi, og skipti í því sambandi litlu máli, hvort lögheimilið er talið í Hvalveiðstöðinni á Miðsandi eða að Eystra-Miðfelli. Það skipti eigi máli í þessu sambandi, þó að sóknaraðili eigi íbúð

eða íbúðir á Akranesi og dveljist þar nokkurn tíma árlega, enda sé það alrangt, að hann hafi sameiginlegt heimili eða húshald með konu þeirri, Ástu Laufeyju Haraldsdóttur, sem leigir íbúð hans að Suðurgötu 36 á Akranesi. Sóknaraðili sé eigi að koma sér undan sköttum með því að eiga lögheimili í Strandarhreppi, heldur stofni það atvinnuöryggi hans í hættu að eiga þar ekki lögheimili, þar sem félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Herði í Hvalfirði hafa forgangsrétt til vinnu þar á félagssvæði sunnan Skarðsheiðar, en utan Akraness. Heimilisfang sóknaraðilja hafi og verið flutt til Akraness algerlega gegn vilja og vitund hans og upplýst sé, að oddvita Strandarhrepps hafði eigi verið tilkynnt um kröfu Akraneskaupstaðar um flutning á heimilisfangi sóknaraðilja samkvæmt 11. gr. laga nr. 54/1962, þar sem bréf Hagstofu Íslands var ekki sent í ábyrgðarpósti. Hér sé Hagstofu Íslands eða Þjóðskránni veitt mikið vald og sé því nauðsynlegt, að gætt sé almennra grundvallarreglna og gefa sveitarstjórn og sóknaraðilja færi á að koma að mótmælum og greinargerð um málsatvik, en það hafi ekki verið gert, eins og fram er komið í máli þessu.

Varnaraðili, Akraneskaupstaður, hefur fært þau rök fyrir kröfum sínum, að sóknaraðili búi í óvígðri sambúð í íbúð sinni að Suðurgötu 36 með Ástu Laufeyju Haraldsdóttur og þar dveljist hann 4—6 mánuði samfleytt á ári hverju og komi þangað um helgar, þegar hann á frí milli vakta og á öðrum tímum, sem gefast. Að Suðurgötu 36 hafi sóknaraðili og persónulega muni sína, svo sem húsgögn, föt og ýmsa smámuni, sbr. vætti Ástu Laufeyjar, sem að framan er rakið. Það megi og ráða af vætti Valgarðs L. Jónssonar, bónda Eystra-Miðfelli, að sóknaraðili hafi engin þau tengsl við það heimili, sem skapi honum lögheimili þar, enda hafi hann aðeins komið þar sem gestur. Og dvöl sóknaraðilja og vinna í Hvalveiðistöðinni að Miðsandi í Strandarhreppi sé aðeins árstíðabundin, meðan vinna stendur yfir og sóknaraðili dveljist þar í vinnuskála ásamt öðrum starfsmönnum.

Þá hefur af hálfu varnaraðilja verið bent á, að það sé eigi ákvarðandi um lögheimili sóknaraðilja, þó að hann hafi meiri hlutann af atvinnutekjum sínum hjá Hval h/f í Strandarhreppi. Það sé því ekki 3. og 4. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, sem segi til um, hvar telja beri lögheimili manna, heldur 2. gr. laganna og samkvæmt henni og framkomnum gögnum í málinu eigi sóknaraðili lögheimili að Suðurgötu 36 á Akranesi.

Í 2. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili segir: „Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili. Heimili manns er sá staður, þar

sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.“ Þá segir í greininni, að það teljist eigi heimili, ef um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu er að ræða, enda hverfi maðurinn til heimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Pegar þessi ákvæði laganna eru höfð í huga, og þau gögn málsins, sem að framan eru rakin, eru virt, verður að líta svo á, að lögheimili sóknaraðilja, Sigurjóns Þorsteinssonar, hafi verið að Suðurgötu 36, Akranesi, 1. desember 1968. Og þar sem eigi verður séð, að nein breyting hafi orðið á högum Sigurjóns Þorsteinssonar, þangað til hann tilkynnir heimilisfang sitt að Hvalveiðistöðinni að Miðsandi í nóvember 1971, þykir mega úrskurða, að lögheimili hans hafi verið óbreytt til 1. desember 1971.

Eins og að framan er greint, hefur sóknaraðili máls þessa tilkynnt flutning á heimilisfangi sínu að Hvalveiðistöðinni að Miðsandi miðað við 1. desember 1971.

Af hálfu varnaraðilja þessa máls er þess krafizt, að í máli þessu verði úrskurðað um lögheimili sóknaraðilja árið 1972 (miðað við 1. desember 1971).

En þar sem rannsókn í máli þessu hefur beint að því að upplýsa, hvort lögheimili sóknaraðilja væri að Suðurgötu 36, Akranesi, eða Eystra- Miðfelli, Strandarhreppi, miðað við 1. desember 1968, en ekki nema að litlu leyti athugað hugsanlegt heimilisfang hans að Hvalveiðistöðinni að Miðsandi, þykir þetta atriði eigi nægilega upplýst og því vanreifað, og verður því þessi krafa varnaraðilja eigi úrskurðuð í máli þessu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sóknaraðili, Sigurjón Þorsteinsson, telst hafa átt lögheimili að Suðurgötu 36, Akranesi, frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Því úrskurðast:

Lögheimili sóknaraðilja, Sigurjóns Þorsteinssonar, telst hafa verið í Akraneskaupstað frá 1. desember 1968 til 1. desember 1971.

Málskostnaður fellur niður.